

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra vegna nýrrar frístundabyggðar á Heiði, Rangárvöllum.

Skipulagsstofnun staðfesti 17. október 2023 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 16. ágúst 2023.

Í breytingunni er skilgreind ný 1,9 ha frístundabyggð F81 en landbúnaðarsvæði minnkar sem því nemur. Lóðin er í sameign nokkurra aðila og hyggjast landeigendur skipta svæðinu upp í 5 lóðir fyrir jafnmörg frístundahús en reiturinn er nú þegar nýttur sem frístundasvæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 17. október 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 1. nóvember 2023